

Hús og skipulag ehf
Hildigunnur Haraldsdóttir
Bolholti 8
105



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. september 2013
Tilvísun: UST20130900217/bs

Deiliskipulag - lýsing - Langatún. Umsögn

Vísað er til bréfs Húss og skipulags ehf., dags. 24. september 2013, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags og byggingar húss á Langatúni.

Almennt: Hér er um lýsingu deiliskipulags að ræða sem tekur til fyrirhugaðra framkvæmda bæði innan og utan Búðafriðlands. Umhverfisstofnun telur að fjölgun frístundahúsa í fallegu og sérstæðu landslagi eins og á sunnanverðu Snæfellsnesi geti orkað tvímælis og haft neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem um þetta svæði fara. Því ætti að gæta sérstakrar varúðar við fjölgun slíkra mannvirka.

Mannvirkjagerð innan friðlands: Umhverfisstofnun telur að innan friðlands ætti að gæta enn frekari varúðar. Umhverfisstofnun vill benda á að þær framkvæmdir sem þegar hefur verið ráðist í innan friðlands eru að mörgu leyti óheppilegar og geti vart verið fordæmi enn frekari framkvæmda innan friðlandsins. Umhverfisstofnun telur að í umræddri lýsingu hefði átt að leggja áherslu á að sýna fram á sjónræn áhrif fyrirhugaðs deiliskipulags og áhrif mannvirkjagerðar á ásýnd friðlandsins.

Umhverfisstofnun telur að við gerð umrædds deiliskipulags verði að líta til markmiða og tilgang friðlands í Búðahrauni sem og laga um náttúruvernd nr. 44/1999 (nvl.).


Markmið friðlands er að vernda með friðlýsingu sérstakt lífríki eða landslag, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 53. gr. nvl. Búðarhraun er friðlýst sem friðland með auglýsingu í Stj.tíð. B, nr. 357/1979 og markmið þess því verndun svipmót landsins, auk þess sem svæðið nýtur sérstakrar verndar sem eldhraun, sbr. a. lið 1. mgr. 37. gr. nvl. Í ákvæði 35. gr. nvl. er sérstaklega tekið fram að við hönnun mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.


Umhverfisstofnun leitaði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Langatúni. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst í bréfi dags. 30. janúar 2012, þar segir m.a.: „Miða við þau gögn sem eru í málinu, friðlýsingu svæðisins og verndargildi þess hrauns sem um ræðir, landslags og sérstöðu svæðisins almennt leggst

Náttúrufræðistofnun Íslands gegn því að opnað sé fyrir sumarhúsabyggð/frístundahúsabyggð inn á hinu friðlýsta svæði. Lagt er til að slíkar framkvæmdir séu utan friðlýsingarmarka og lagi sig að friðlandinu.“

Umhverfisstofnun vill benda á að afla þarf leyfis stofnunarinnar vegna framkvæmda innan friðlands sbr. ofangreinda auglýsingu um friðland í Búðahrauni.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur